

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 47/2006

frá 28. apríl 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2006 frá 10. mars 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/747/EB frá 21. október 2005 um breytingu á viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði í því skyni að aðlaga hann að tækniframförum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/59/EB frá 26. október 2005 um 28. breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna, skaðlegra efna og efnablandna (tólúens og tríklórbensens) ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE):
„– **32005 L 0059**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/59/EB frá 26. október 2005 (Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 13).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB):
„– **32005 D 0747**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/747/EB frá 21. október 2005 (Stjtið. ESB L 280, 25.10.2005, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/59/EB og ákvörðunar 2005/747/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 280, 25.10.2005, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 13.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.